

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Nýrnabilun - lyf samkvæmt sérstökum lista

Dagsetning: 1. mars 2010

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Nýrnabilun

Flokkur I;

Einstaklingar með alvarlega nýrnabilun (GSH <25 ml/mín.), í skilunarmeðferð eða með ígrætt nýra (fyrstu ár eftir ígræðslu) eða með sérstök vandamál sem tengjast ígræddu nýra.

Lyfjaskírteini er gefið út fyrir ákveðin lyf / lyfjaflokka (skv. lyfjalista - sjá heimasíðu TR).

Ef óskað er eftir greiðsluþátttöku í lyfi sem viðkomandi þarf að nota vegna meðferðarinnar og er ekki á lyfjalista er hægt að sækja um það sérstaklega og færa rök fyrir notkuninni.

Flokkur II;

Lyfjaskírteini er ekki gefið út sjálfkrafa fyrir einstaklinga í flokki II.

Fyrir einstaklinga í flokki II gilda sömu reglur og fyrir aðra í samfélaginu.

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga:

*-merkt, sjúkratryggingar greiða lyfið að fullu

Gildistími:

Flokkur I: samkvæmt skráningu læknis á grunnvottorði